Nd. **174. Tillaga til þingsályktunar**

um athugun á húsnæðismálum í kauptúnum landsins.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Sigurður Bjarnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hverjar ástæður liggi til þess, að ekkert kauptún í landinu hefur orðið aðnjótandi hlunninda laga um verkamannabústaði, nr. 3 frá 1935, eða laga um byggingarsamvinnufélög, nr. 71 frá 1938, og hverra breytinga kunni að vera þörf á löggjöfinni, til þess að kauptúnin fái notið þessara laga og á þann hátt bætt úr þeim húsnæðisvandræðum, sem ríkja í mörgum kauptúnum landsins.

Greinargerð.

Árið 1935 voru sett lög um verkamannabústaði. Lög um byggingarsamvinnufélög höfðu verið sett 1932 og voru endurskoðuð árið 1938, og eru þau lög nú í gildi. Þessi tvenn lög miðuðu að því að gera verkamönnum og öðrum efnaminni borgurum kleift að koma sér upp híbýlum og eignast þau. Í lögunum eru félögum þeim, sem stofnuð

eru samkvæmt lögunum, veitt ýmiss konar hlunnindi og aðstoð, svo sem bein fjárframlög úr ríkissjóði og bæjar- og sveitarsjóðum, ríkisábyrgð fyrir lánum til byggginganna, ákvæði um hagkvæma vaxta- og afborganaskilmála o. s. frv.

Samkvæmt þessum tvennum lögum hafa verið stofnuð nokkur byggingarfélög og allmörg hús reist. Samkv. lögunum um byggingarsamvinnufélög hafa verið stofnuð 3 félög, 2 í Reykjavík og eitt á Akureyri. Lögin um verkamannabústaði hafa verið hagnýtt í Reykjavík og nokkrum öðrum kaupstöðum og allmikill fjöldi húsa byggður, mestmegnis í Reykjavík.

En sú hefur orðið raunin á, að ekki eitt einasta kauptún í landinu hefur orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, sem lögin veita, og ná þó hvor tveggja lögin til kauptúna ekki síður en kaupstaða. Er þetta vissulega íhugunarefni, þar sem vitað er, að bæði nú og undanfarin ár hefur verið tilfinnanlegur húsnæðisskortur í mörgum kauptúnum landsins, víða mjög léleg húsakynni og úr sér gengin, sem fjölskyldur hafa neyðzt til að búa í, og einnig talsverð brögð að því, að húsnæðisskortur hefur í mörgum tilfellum beinlínis komið í veg fyrir um lengri eða skemmri tíma, að ungt fólk gæti stofnað heimili.

Orsakir þessara vandræða eru vitaskuld margar og sumar kunnar, ekki sízt bágur efnahagur á undanförnum árum. En samt er það atriði, sem vert er fullrar athugunar og rannsóknar, hvers vegna ekkert kauptún landsins hefur notfært sér umrædda löggjöf og þá aðstoð og hlunnindi, sem ríkið veitir með henni. Flm. er að vísu kunnugt um eina ástæðu, og hún er sú, að allviða hefur fólk í kauptúnum og sveitarstjórnirnar sjálfar álitið, að lögin um verkamannabústaði og byggingarsamvinnufélög næðu aðeins til kaupstaðanna, en ekki til kauptúna. En einnig er mjög trúlegt, að hlunnindi laganna, sem sérstaklega eru miðuð við hina stærri kaupstaði, einkum Reykjavík, eigi ekki við óbreytt um hin fámennari kauptún, með nokkur hundruð íbúa, og fullnægi ekki þörfum þeirra. Vegna hinnar gerbreyttu afkomu almennings og breytinga á verðgildi peninganna eru einnig sum ákvæði laganna orðin úrelt og þarfnast breytinga, svo sem skilyrðið um vissar hámarkstekjur eða hámarkseign til þess að njóta hlunninda laganna.

Við flutningsmenn teljum brýna þörf á að leita einhverra ráða til þess að bæta úr þessum húsnæðiserfiðleikum ýmissa kauptúna. Þess vegna viljum við með þessari tillögu vekja athygli á málinu og fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á því, rannsaka, hverjar ástæður muni liggja til þess, að kauptúnin hafa ekki notfært sér aðstoð gildandi laga, og reyna að finna aðrar leiðir, sem betur gætu bætt úr því öngþveiti, sem nú ríkir um húsnæðismálin í mörgum sjávarplássum.